

## Skólaráðsfundur mánudaginn 7. maí 2012 haldinn að Kleppjárnsreykjum kl.17:00

Mættir: Hanna Kristín Þorgrímsdóttir, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Jóhanna Þorvaldsdóttir, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir og Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir

### ➤ Skóladagatal

Rætt um samþykkt skóladagatal. Engin breyting var gerð á því í fræðslunefnd og skoðast því samþykkt frá skólaráði og fræðslunefnd.

### ➤ Tímakvótar til skólans

Ingibjörg fór yfir úthlutun tímakvóta til skólans og hveirrar deildar fyrir sig. Í því samhengi var farið yfir þau stöðugildi sem liggja að baki úthlutuninni. Nokkuð var rætt um sérkennslu og úthlutun tíma fyrir hana. Rætt var um sérúthlutunarreglur jöfnunarsjóðs vegna ákveðinna greininga og hvernig þær geta haft áhrif á sérkennslu í skólanum.

### ➤ Tími til vors

Farið var yfir helstu verkefni innan Gbf. til vors. Á öllum stöðum er mikið um að vera, heilmikið uppbrot frá venjubundinni kennslu. Í hverri deild liggur fyrir atburðadagatal út maí. Nokkuð rætt um námsmat og fyrirkomulag möppuprófa í unglingadeildum.

### ➤ Starfsmannahald næsta skólaár

Ingibjörg gerði grein fyrir ákveðnum breytingum á starfsmannahaldi. Halldóra Ingimundardóttir aðstoðarmatráður, Anna María Sverrisdóttir sérkennari og Narfi Jónsson skólaliði á Kleppjárnsreykjum munu hætta störfum og á Varmalandi hætta Þörkur Hrafn Nóason deildarstjóri. Ekki er vitað um aðrar breytingar á þessum tímapunkti. Búið er að auglýsa eftir deildarstjóra og sérkennara og verða starfsviðtöl tekin við umsækjendur á föstudaginn 11.maí. Á næstunni verður auglýst eftir skólaliða og aðstoðarmatráði.

### ➤ Önnur mál

Ingibjörg gerði grein fyrir því að Borgarbyggð hefði tekið þá ákvörðun að bjóða út skólaakstur og verður hann auglýstur til útboðs innan skamms auk þess er hugmynd um að koma á rútuferðum í Borgarnes frá Kleppjárnsreykjum og Varmalandi strax að loknum skóla til að nemendur eigi kost á því að komast á íþróttæfingar og í annað félagsstarf þar.

Ákveðið var í haust að gera breytingu á lengdri viðveru í K og V deild. Ekki á að kenna umfram lögbundinna tíma á yngsta -og miðstigi. Þess í stað er hugmynd um að setja upp frístund í töflu og þá munu aðrir en kennarar sjá um þá tíma með nemendum.

Lilja Rannveig nemendafulltrúi tók upp umræður um trúabragðakennslu í skólanum og sköpuðust um hana skemmtileg skoðanaskipti.